



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN OG HEIÐURSVIÐURKENNING

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent í 35. sinn við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, miðvikudaginn 21. júní kl. 15:00. Einnig verður afhent sérstök heiðursviðurkenning til einstaklings sem aukið hefur hróður Íslands á erlendri grundu.

Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á þjóðhagslegu mikilvægi gjaldeyrisöflunar og alþjóðlegra viðskipta og heiðra þá sem hafa náð sérstaklega góðum árangri í sölu og markaðssetningu á íslenskum vörum og þjónustu erlendis.

Hildur Árnadóttir, formaður stjórnar Íslandsstofu, tilkynnir hvaða fyrirtæki hlýtur útflutningsverðlaunin í ár og forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhendir þau auk þess sem hann afhendir heiðursviðurkenningu til einstaklings.

Í úthlutunarnefnd vegna verðlaunanna sátu að þessu sinni Gylfi Magnússon, frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Hildur Árnadóttir frá Íslandsstofu, Katrín Olga Jóhannesdóttir frá Viðskiptaráði, Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Alþýðusambandi Íslands og Sif Gunnarsdóttir frá embætti forseta Íslands.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna.

21. júní 2023

Nánari upplýsingar veita Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Brynja Bjarkadóttir (849 8425) hjá Íslandsstofu.